

## Breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar staðfesti eftirfarandi bókun skipulags- og umhverfisnefndar frá 23. september á fundi sínum 30. september s.l.

### 3. Fjósatunga, Fnjóskadal. Breyting á Aðalskipulagi.

S20120605

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að gerðar verði eftirfarandi breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 2 mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### Kafli 4. 6 SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Grein 4.6.1 Sumarhúsasvæði.

##### >Í Fnjóskadal:

Núverandi ákvæði:

F23: Í landi Fjósatungu er 61,2 ha skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð. Svæðið er óbyggt eins og er. Lóðir skulu eigi vera minni en 1 ha og því skal hámarks fjöldi frístundahúsa ekki vera fleiri en 60. Leyfilegt er að koma upp þjónustu innan svæðisins. Fjöldi húsa og stærð einstakra lóða skal útfært í deiliskipulagi

Tillaga að breytingu:

F23: Í landi Fjósatungu er 61,2 ha skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð. Svæðið er óbyggt eins og er. **Lóðir skulu eigi vera minni en 0,5 ha** og því skal hámarks fjöldi frístundahúsa ekki vera fleiri en 60. Leyfilegt er að koma upp þjónustu innan svæðisins. Fjöldi húsa og stærð einstakra lóða skal útfært í deiliskipulagi

##### Rökstuðningur:

Helstu rökin fyrir ósk um breytta lágmarksstærð lóða er að á syðsta hluta frístundasvæðisins eru mjög brattir stórir hólar/hæð sem ekki verður byggt á og einnig liggur háspennulína yfir hluta af svæðinu sem útilokar byggingarframkvæmdir. Þá eru einnig bleytudrög á svæðinu sem rýra nýtingu og byggingarhæfni landsins. Með því að lækka lágmarksstærð er hægt að fjölga lóðum á svæðum sem henta betur til byggingaframkvæmda og sameiginlegur kostnaður þ.e. vegir lagnir og fl. deillist á fleiri lóðir og hægt verður að bjóða uppá mismunandi stórar og mismunandi verðmætar lóðir.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var

samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 30.08. 2012

  
Sveitarstjórinn  
í Þingeyjarsveit

Sveitarstjóri

Skipulagsstofnun hefur staðfest meðfylgjandi breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022

þann 1. OKTÓBER 2012

  
SKIPULAGSSTOFNUN  
Ólafur Brynjólfsson

f.h. Skipulagsstofnunar